



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Litlaselshæð við Selvatn í Mosfellsbæ

L226501

Úttektarskýrsla minjavarðar

Nafn Henny Hafsteinsdóttir
Ár 2023



Höfundar
Henny Hafsteinsdóttir
Sigurður Bergsteinsson

Ljósmyndir
Henny Hafsteinsdóttir

Ljósmynd á forsiðu
Varða og Selvatn í bakgrunni

© xxxx
Minjastofnun Íslands

Öll réttindi áskilin

Minjastofnun Ísland
Suðurgata 39
101 Reykjavík
Iceland
(354) 570 13 00

postur@minjastofnun.is
www.minjastofnun.is

Efnisyfirlit

1.	Aðdragandi vettvangsferðar.....	4
2.	Fyrri rannsóknir	4
3.	Staðhættir	5
4.	Rannsókn – aðferð	5
5.	Fornleifaskrá	6
6.	Hús og mannvirki.....	7
7.	Niðurstöður	7
8.	Heimildaskrá	10

Grunnupplýsingar

Verkefnanúmer Minjastofnunar Íslands:
3015

Tilgangur rannsóknar:
Nýtt deiliskipulag frístundabyggðar


Staðsetning:
Litlaselshæð L226501 við Selvatn

GPS:
372300,402650

Dagsetning vettvangsferðar:
31. maí 2023

1. Aðdragandi vettvangsferðar

Skipulagsfulltrúi Mosfellsbæjar óskaði eftir umsögn Minjastofnunar Íslands um tillögu að nýju deiliskipulagi fyrir frístundabyggð við Selvatn (Litalselshæð) í landi Miðdals L226501. Skipulagssvæðið er um 5,5 ha. að stærð og liggur á milli Nesjavallavegar og Selvatns. Fyrirhugað er að skipta svæðinu upp í 5 frístundalóðir með aðkomu norðan við svæðið. Minjastofnun óskaði eftir landupplýsingagögnum um skipulagið og bárust þau gögn þann 15. júní 2023.



Mynd 1 – Skipulagssuppdráttur, Davíð Kristján Pitt arkitekt, dags 05.05.2023

2. Fyrri rannsóknir

Fornleifaskrá Mosfellsbæjar var gefin út af Þjóðminjasafni Íslands árið 2006. Samkvæmt þeirri skráningu eru engar fornleifar skráðar innan skipulagssvæðisins.

Einnig er búið að skrá fornleifar á þremur af tíu nærliggjandi lóðum. Fyrir lóðina L125333 liggur fyrir fornleifaskráning, *Selvatn-Fornleifaskráning vegna breytingar á deiliskipulagi*, unnin af Antikva árið 2019. Samkvæmt þeirri skráningu eru skráðar tvær fornleifar utan við skráningasvæðið og er önnur þeirra staðsett á því skráningarsvæði sem hér er til umfjöllunar. Um hana segir í fornleifaskráningunni: „Varða [2888:1975] sem er langt fyrir utan skipulagssvæðið hefur minjagildi því hún er ennþá nokkuð heilleg og hefur sennilega verið kennimark fyrir Selið, selsvarðann.“

Fyrir lóðina L226500 liggur fyrir fornleifaskráning, *Fornleifaskráning vegna sumarbústaðalóðar í landi Miðdals I í Mosfellsbæ*, unnin af Antikva árið 2021. Samkvæmt þeirri skráningu eru skráðar þrjár leiðir og ein þeirra liggur út fyrir

skráningarsvæðið og inn á það skráningarsvæði sem hér er til umfjöllunar. Um hana segir í fornleifaskráningunni: „Stígur eða gata [3031:2806] liggur suður frá línuvegi þar sem hann liggur í hlykk. Gatan er mjög greinileg þar sem hún liggur um grasi vaxna sléttu og dýpkar upp gegnum mólendi þegar sunnar dregur. Á stöku stað þar sem jarðvegurinn er mjúkur sjást hófaför á þessari götu. Hún sveigir í suðvestur og týnist síðan í skógarreit.“

Fyrir lóðina L213970 liggur fyrir fornleifaskráning, *Fornleifaskráning vegna sumarbústaðalóða nr. 213970 í landi Miðdals í Mosfellsbæ*, unnin af Antikva árið 2021. Samkvæmt þeirri skráningu eru engar fornleifar skráðar á því skráningarsvæði sem hér er til umfjöllunar.

3. Staðhættir

Svæðið er staðsett í landi jarðarinnar Miðdals norðan Selvatns og sunnan Krókatjarnar og Nesjavallavegs. Saga Miðdals er rakin í skýrslunni *Skráning fornleifa í Mosfellsbæ* sem var gefin út árið 2006. Skráningarsvæðið liggur í um það bil 160 m.y.s. og hallar til suðurs að Selvatni, fyrir miðju svæðinu byrjar það að hækka aftur og við mörk svæðis að sunnanverðu er að álíka hátt og að norðanverðu og gott útsýni yfir Selvatn. Á hæðinni að sunnanverðu er varða, og eru nokkrir steinar fallnir úr henni. Leifar af annarri vörðu eru þar skammt frá. Gróðurfar er að mestu leyti melar og mólendi ásamt lúpínu. Athygli vakti að fyrir miðju svæðinu er grasi vaxin þúst með dæld í miðjunni. Á lóð vestan við svæðið er frekar stór skógur og austan við svæðið má sjá sumarbústaðabyggð og minni trjálundi sem tilheyra þeim. Svæðið er afmarkað með girðingu á alla vegu nema að norðanverðu.

4. Rannsókn – aðferð

Vettvangsathugun:

Minjavörður kynnti sér fyrirbyggjandi heimildir, fyrri fornleifaskráningar og ýmsa kortagrunna og loftmyndir. Að því loknu var svæðið skoðað á vettvangi af minjaverði og fornleifafræðingi Minjastofnunar. Teknar voru myndir og fornleifar skráðar með verkefnanúmeri stofnunarinnar (3015), en Selsvarðan og vegurinn sem þegar hafa verið skráðar af Antikvu árin 2019 og 2021, halda sínum númerum í þessari skráningarskýrslu. Fornleifar voru mældar upp með nákvæmu GPS-mælitæki, hnitsettar og færðar inn á vefsíðu Minjastofnunar.

Rannsókn á þúst (3015:001):

Eftir að vettvangsathugun var lokið var ákveðið að kanna nánar þústina sem fannst á miðju svæðinu þar sem óljóst var hvort hún gæti talist til fornleifa sbr. 3. mgr. 3. gr. laga nr. 80/2012 um menningarminjar. Rannsókn fór fram 15. júní 2023. Teknir voru þrír borkjarnar á sex metra línu í austur-vestur átt. Engin sjáanleg merki um fornleifar fundust við þá rannsókn.

5. Fornleifaskrá

3015:001

Þúst

Fyrir miðju úttektarsvæðinu mátti greina skörð skil í jarðveginum, hringlaga grasi vaxna þúst með dæld í miðjunni. Þústin er um það bil 20 metrar í þvermál og dældir eru um 40 cm djúpar. Hugsanlega er her um náttúrulegt fyrirbrigði að ræða, en gróður á henni sker sig frá umhverfinu, sem er vísbending um næringarríkari jarðveg eins og oft er á mannvistarleifum. Engin merki um fornleifar fundust við borðkjarna rannsókn á þústinni.



Mynd 2 – (3015:001) Þúst staðsett á miðju úttektarsvæðinu

3015:002

Varða

Á hæðinni syðst á úttektarsvæðinu er varða og greinilegt er að fallið hafa úr henni nokkur grjótt.



Mynd 3 – (3015:002) Varða og steinar sem fallið hafa úr henni

3015:003

Varða – Leifar af vörðu

Um það bil 10 metra norðvestan við vörðu (3015:002) mátti sjá grjóthrúgu sem ætla má að sé leifar af vörðu.



Mynd 4 – (3015:003) Leifar af vörðu

2888:1975

Varða – Selsvarða

Í fornleifaskráningu sem unnin var af Antikva árið 2019 segir: „Varða [1975] sem er langt fyrir utan skipulagssvæðið hefur minjagildi því hún er ennþá nokkuð heilleg og hefur sennilega verið kennimark fyrir Selið, selsvarðann.“

3031:2806

Götur – kindagötur

Í fornleifaskráningu sem unnin var af Antikva árið 2021 segir: „Stígur eða gata [2806] liggur suður frá línuvegi þar sem hann liggur í hlykk. Gatan er mjög greinileg þar sem hún liggur um grasi vaxna sléttu og dýpkar upp gegnum mólendi þegar sunnar dregur. Á stöku stað þar sem jarðvegurinn er mjúkur sjást hófaför á þessari götu. Hún sveigir í suðvestur og týnist síðan í skógarreit. Framhaldið má einnig greina norðan við línuvegin og sveigir stígurinn þar í vestur og liggur meðfram veginum.“



Mynd 5 – (3031:2806) Leið eða gata, mynd Ragnheiður Traustadóttir

6. Hús og mannvirki

Engin hús eða mannvirki eru á skipulagssvæðinu.

7. Niðurstöður


Með vísan í niðurstöðu rannsókna á þústinni (3015-001) fundust alls tvær fornleifar á svæðinu fyrir utan þær tvær sem þegar voru skráðar. Þessar minjar eru ekki í mikilli hættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda skv. deiliskipulagstillögunni. Staðsetning minjanna er að hluta til innan nýrra lóðamarka en utan við fyrirhugaða byggingarreiti. Aðeins einn fyrirhugaður byggingarreitur liggur innan 15 metra friðhelgunarsvæðis og mögulega væri hægt að hliðra til þeim byggingarreit og öðrum framkvæmdaáætlunum sem ekki koma fram á skipulagsuppdrættinum, t.a.m. aðkomuvegi, rótþrær, neysluvatn o.fl. svo koma megi í veg fyrir að minjar raskist að óþörfu.



Mynd 6 – Úttektarsvæðið séð til suðurs í átt að Selvatni



Mynd 7 – Úttektarsvæðið séð til norðurs



Mynd 8 – Skipulagsuppráttur og staðsetning minja á svæðinu. Fyrir miðju er uppmæling af þúst (3015:003) sem rannsókn leiddi í ljós að ekki er um að ræða fornleif sbr. lög nr. 80/2012 um menningarminjar



Mynd 9 – Þúst (3015:001), punktar á myndinni sýna staðsetning borkjarna við rannsókn 15. júní 2023

8. Heimildaskrá

Þjóðminjasafn Íslands. (2006). Skráning fornleifa í Mosfellsbæ (ISSN 1670-3685).

Ragnheiður Traustadóttir. (2019) Selvatn-Fornleifaskráning vegna breytingar á deiliskipulagi (ISBN númer: 978-9935-9509-5-6). Antikva ehf.

Rúna K. Tetzschner og Ragnheiður Traustadóttir. (2021) Fornleifaskráning vegna sumarbústaðalóðar í landi Miðdals I í Mosfellsbæ (ISBN númer: 978-9935-525-02-4). Antikva ehf.

Hermann Jakob Hjartarson og Ragnheiður Traustadóttir. (2021) Fornleifaskráning vegna sumarbústaðalóða nr. 213970 í landi Miðdal í Mosfellsbæ (ISBN númer: 978-9935-9551-9-7). Antikva ehf.

Kortavefsjá Mosfellsbæjar, <https://www.map.is/moso/@372439.402577,z6,0>

Kortavefsjá Minjastofnunar, <https://minjastofnun.gis.is/mapview/?application=minjastofnun>

Skipulagsvefsjá, <https://www.map.is/skipulag/>

Myndaskrá

Mynd 1 – Skipulagsuppráttur, Davíð Kristján Pitt arkitekt, dags 05.05.2023	4
Mynd 2 – (3015:001) Þúst staðsett á miðju úttektarsvæðinu.....	6
Mynd 3 – (3015:002) Varða og steinar sem fallið hafa úr henni	6
Mynd 4 – (3015:003) Leifar af vörðu.....	6
Mynd 5 – (3031:2806) Leið eða gata, mynd Ragnheiður Traustadóttir	7
Mynd 6 – Úttektarsvæðið séð til suðurs í átt að Selvatni.....	8
Mynd 7 – Úttektarsvæðið séð til norðurs	8
Mynd 8 – Skipulagsuppráttur og staðsetning minja á svæðinu. Fyrir miðju er uppmæling af þúst (3015:003) sem rannsókn leiddi í ljós að ekki er um að ræða fornleif sbr. lög nr. 80/2012 um menningarminjar	9
Mynd 9 – Þúst (3015:001), punktar á myndinni sýna staðsetning borkjarna við rannsókn 15. júní 2023.....	9

Viðaukar

Landupplýsingagögn skráðra fornleifa.